

VEÐRIÐ

RITNEFND: JÓN EYBÓRSSON
FLOSI H. SIGURÐSSON
PÁLL BERGÞÓRSSON
HLYNUR SIGTRYGGSSON

TÍMARIT HANDA ALÞÝÐU UM VEÐURFRÆÐI

KEMUR ÚT TVÍSVAR Á ÁRI - VERÐ ÁRG. KR. 40.00

1. HEFTI 1965

10. ÁRGANGUR

AFGREIÐSLUSTJÓRI:

GEIR ÓLAFSSON

DRÁPUHLÍÐ 27 . SÍMI 15131

JÓN EYBÓRSSON:

Úr ýmsum áttum

Vindstig og nöfn þeirra

Eftir að símasamband komst á milli Íslands og útlanda, var tekið að senda hédan veðurskeyti. Lengi vel voru aðeins 4 skeytastöðvar: Reykjavík, Ísafjörður, Akureyri og Seyðisfjörður. Sá háttur var líka tekinn upp að skrifa á blað veðrið á þessum stöðum og slá upp á almannafæri í Reykjavík og hinum skeytastöðvunum. Er mér ekki ljóst, hvort danska veðurstofan eða íslensk stjórnarvöld gengust fyrir þessu. Á blöðum þessum var veðurhæð tilgreind í tölum eða vindstigum frá 0–12, og þurftu því að fylgja skýringar. Mér hefur verið sagt, að Jón Ólafsson ritstjóri hafi verið fenginn til þess að ákveða nöfn á vindstigunum. Síðan hefur þeim nöfnum vreið haldið óbreyttum að mestu. Þau eru talin hér á eftir og jafnframt tilgreindur vindhraði í sjómílum á klst. (hnútum) og metrum á sekúndu, eins og nú er, en tölugildinu hefur verið breytt nokkuð síðan í aldarbyrjun.

Vindstig	0 = logn	0– 1	hnútar	0– 0.2	m/sek
–	1 = andvari	1– 3	–	0.3– 1.5	–
–	2 = kul	4– 6	–	1.6– 3.3	–
–	3 = gola	7–10	–	3.4– 5.4	–
–	4 = kaldi	11–16	–	5.5– 7.9	–
–	5 = stinningsgola	17–21	–	8.0–10.7	–
–	6 = stinningskaldi	22–27	–	10.8–13.8	–
–	7 = snarpur vindur	28–33	–	13.9–17.1	–
–	8 = hvassviðri	34–40	–	17.2–20.7	–
–	9 = stormur	41–47	–	20.8–24.4	–
–	10 = rok	48–55	–	24.5–28.4	–
–	11 = ofsaveður	56–63	–	28.5–32.6	–
–	12 = fárviðri	64–71	–	32.7–36.9	–

Meðan vindmælar tíðkuðust ekki, var þýðingarlaust að hafa vindstigin fleiri.

Úr því að veðurhæð er komin upp í 12 vindstig, má heita óstætt veður og engin leið að gizka á fleiri vindstig. Með vindmæli má bæta við

Vindstig	13 = fárviðri	72– 80	hnútar	37.0–41.4	m/sek
–	14 = –	81– 89	–	41.5–46.1	–
–	15 = –	90– 99	–	46.2–50.9	–
–	16 = –	100–108	–	51.0–56.0	–
–	17 = –	109–118	–	56.1–61.2	–

Gömlu nöfnin á vindstigunum eru flest vel valin og eiga stoð í málvenju. Aðeins *stinningsgola* (5) fer mjög illa, þar sem henni er skotið inn milli kalda og stinningskalda. Í veðurlýsingum og veðurspám er orðið aldrei notað. Ýmsir hafa fundið að því, að *kaldi* sé ekki hlutlaust orð. „Bölvanlega kann ég við það, þegar hann *hlýnar með sunnankalda á morgun*, eins og sagt var í útvarpinu hér á dögnum,“ segir Gísli Magnússon í Eyhildarhlöti í bréfi ds. 8. des. 1964. — En kaldi er gamalt alþýðumál, einkum þó í tali sjómanna, að ég ætla.

Jafnan ber að fara varlega í að breyta gamalli hefð, og Veðurstofan hefur því notað hin gömlu heiti á vindstigunum óbreytt til þessa, nema hvað *allhvass* hefur verið sett í staðinn fyrir *snarpan vind* (7) á fyrstu árum Veðurstofunnar. En vitanlega er bagi að því að hafa ekki vel nothæft orð yfir 5. vindstigið (stinningsgolu).

Í Veðurfræði, Rvk. 1964, hef ég lagt til að kalla 4 vindstig *blástur* (í stað kalda) og 5 vindstig *kalda* eða *strekking*. Þetta er mál, sem þarf að endurskoða, en engar breytingar verða ákveðnar, nema þær séu örugglega til bóta að beztu manna yfirsýn.

Í veðurspám er yfirleitt þeirri reglu fylgt, að

gola	þýðir	3–4	vindstig
kaldi	–	4–5	–
stinningskaldi	–	5–6	–
allhvass	–	6–7	–
hvassviðri	–	7–8	–
stormur	–	8–9	–
rok eða stórviðri	–	10	vindstig eða þar yfir

Gamlar venjur

Lengi vel var það allmjög á reiki bæði hér og annars staðar, hvernig veðurhæð var táknuð í veðurathugunum.

Niels Horrebow, sem athugaði veður á Bessastöðum 1749–1751, notar alls ekki vindstig í tölum, heldur 9 mismunandi orð til að lýsa veðurhæð, enda var það almenn regla fram um miðja 19. öld, er Beaufort aðmírall bjó til vindstiga sinn, frá 0–12, og miðaði einkum við hraða og seglburð skipa.

Á íslenzku mundi Horrebow hafa notað eftirfarandi orð:

0 = logn, 1 = hægviðri, 2 = dálítill vindur, 3 = hóflegur vindur, 4 = talsverður vindur, 5 = sterkur vindur, 6 = mjög sterkur vindur, 7 = stormur, 8 = sterkur stormur.

Sveinn Pálsson notar fjögur vindstig í veðurtöflum sínum (Lbs. 306 4to):

logn, þegar ekki finnst, hvaðan hann er á.
gola, meðan ekki hvítfyssar á vatni
hvassviðri, þegar hvítfyssar vatn, en skefur ekki
stormur, þegar vatn skefur, torflús skjálfa o. s. frv.

Rasmus Lievog, sem athugaði veður á Lambhúsum 1779–1805, segist tilgreina vindmagn með sömu orðum og notuð hafi verið í Rundetårn á árunum 1775–1779. Þau eru (á íslenzku):

0 = logn
 1 = hægviðri
 2 = vindblær
 3 = blástur
 4 = sterkur blástur
 5 = stormur
 6 = sterkur stormur

Árni Thorlacius í Stykkishólmi notar svipaðan vindstiga og Lievog:

0 = logn
 1 = andvari
 2 = kaldi
 3 = stinningskaldi
 4 = hvassviðri
 5 = stormur
 6 = ofviðri

Þarna eru notuð 6 vindstig, fyrir utan logn. Sömu orðin eru enn notuð, en yfirleitt við tvöfalda tölu í vindstigum. Millistigum hefur verið bætt við, og sums staðar hefur ekki tekizt sem bezt að velja þeim nöfn.

Veðurhæð og sjólag

Þýzka veðurstofan, sjávardeildin, í Hamborg, hefur nýlega gefið út vandaðar ljósmyndir, er sýna sjólag á opnu hafi við mismunandi vindstig, frá 0–12. Hefur dr. F. Krügler veðurfræðingur tekið flestar myndirnar, en hann hefur oft verið á þýzkum hafrannsóknaskipum á Grænlandshafi undanfarin ár. Myndirnar eru mjög gagnlegar til þess að dæma veðurhæð eftir sjólagi. Í stuttu máli eru helztu einkennin þannig:

- 0 vindstig Spegilsléttur sjór
- 1 – Gráð
- 2 – Smábárur, hvítar hvergi í
- 3 – Hvítar í stöku báru
- 4 – Hvítar víða í báru
- 5 – Langar, lágar öldur, hvítar í hverri báru að heita má
- 6 – Allstórar báru með freyðandi földum
- 7 – Þungar öldur með löngum sköflum. Sums staðar sjást löðurgárar undan vindi
- 8 – Stórir brimskaflar á rúmsjó, löður tekur að þeytast úr sköflunum og mynda langa löðurgára undan vindi
- 9 – Holskeflur taka að myndast. Hvítir rokgárar um allan sjó
- 10 – Stórar holskeflur. Sjór í hvítaroki, svo að dregur úr skyggni.

- 11 — Stórsjór. Öldufaldar sundrast af vindinum og löðrið rýkur sem mjöll
12 — Sést lítið fyrir særoki og drifi.

Afl og hraði vindsins

Í *Lanztiðindum*, 1. ár, 15. júní 1850, er eftirfarandi klausa, líklega eftir séra Magnús Grímsson: „Menn hafa gjört margar athugasemdir um afl vinds og hraða og eru ályktanir þær, sem hér skal frá segja, dregnar af þeim athugunum Hægasti vindur (*andvari, blær*) eða sá vindur, sem menn finna aðeins, fer 5400 fóta langan veg á klukkustund hverri [þ. e. 0,5 metra á sek.], nokkuð meiri vindur (*kalda-korn*) fer 10 800 fet [um 1 m/sek.], *goluvindur* 21 600 [um 2 metra á sek.] *stinningskaldi* 58 800 [um 5 metra á sek.] *stormkorn* 108 000 til 216 000 [9.3—18.6 metrar á sek.], *stormur* eða hvass vindur 313 200 [27 metrar á sek.] og *fellibylur* eða sá vindur, sem þeytir um koll og brýtur bæði hús og tré 416 000 [um 36 m/sek.] eða 135 fet [rétt 116 fet] á einni sekúndu.

Það er alkunnugt, að á sama tíma blása oft vindar úr gagnstæðum áttum, þannig að annar vindur er ofar eða hærra í lofti uppi en hinn. Sjófarendur hafa þráfaldlega tekið eftir því, að ísar í norðurskautshöfunum hafa borizt í tvær gagnstæðar áttir, svo að annar jakinn hefur sýnst renna þvert á móti vindi, er annar hefur farið undan vindi og kemur þetta af því, að jakar þeir, sem fara móti vindi ná dýpra niður í sjóinn og berast af straumunum í djúpinu, sem þá meiga sín meira en vindurinn á þeim hluta jakanna, sem upp úr sjó stendur og minni er fyrirferðar. Af því að nú jakarnir standa mishátt upp og mislangt niður í sjóinn, þó þeir séu hvor hjá öðrum eða í sömu ísbreiðunni, þá verkar líka vindur og straumur misjafnt.“

Hafísinn í vetur

Á haustmánuðum sáust engin merki þess, að íshætta væri meiri en venjulega. Í október var íslaust við A-strönd Grænlands norður um Apútítek og þaðan gisið ísrek norður fyrir Tóbínhöfða. Í nóv. var eftirtektarvert, að íshrafl hafði breiðzt austur að Jan Mayen, en milli Vestfjarða og Grænlands mátti heita íslaust. Í byrjun janúarmán. verður landhelgisvélin SIF vör við ísjaðar um 35 sjóm norður af Horni. Vegna dimmviðris sást isinn aðeins í ratsjá. H. 2. febrúar er ísjaðar á svipuðum slóðum, um 30 sjóm norðvestur af Straumnesi og liggur suðvestur, svo að fjarlægð norðvestur af Barða er aðeins 35 sjóm. Síðan þokast isinn nær landi, og 13. febr. er allþétt ísrek fyrir mynni Ísafjarðardjúps og austur fyrir Horn, en þaðan stefnir ísjaðar í ANA. Samfelldur ísjaðar er þá aðeins 20 sjómilur NV Straumnesi. Næstu vikur helzt isinn óbreyttur við Vestfirði eða lónar heldur frá, en jafnhliða nálgast isinn alla norðurströnd landsins, og 25. febr. er ístunga komin suður fyrir Langanes, og næstu daga berst hún suður á bóginn með Austur-Íslandsstraumnum og norðlægrí vindstöðu. Þ. 18. marz hefur ís lagzt alveg